

Fundargerð 20. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, þriðjudaginn 11. október kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Gylfi Ingvarsson og Guðlaug Kristjánsdóttir.

Birna Ólafsdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri, Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Samningur um hjúkrunarheimilið.

Fyrir fundinum liggur samningur um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilisins, sjá fylgiskjal.

Minnisblað varðandi nýjan samning um hjúkrunarheimili liggur einnig fyrir fundinum, dagsett 8. október 2016, sjá fylgiskjal. Bæjarstjóri fór yfir málið og helstu breytingar frá fyrri samningi sem Hafnarfjarðarkaupstaður gerði við félags- og tryggingamálaráðuneytið 3. maí 2010.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Samkvæmt fyrri samningi átti Hafnarfjarðarkaupstaður að hanna, byggja og leigja ríkissjóði hjúkrunarheimilið ásamt því að annast rekstur þess. Í nýjum samningi segir að „Sjúkratryggingar Íslands munu auglýsa eftir rekstraraðila fyrir hjúkrunarheimilið tólf mánuðum áður en verklok er fyrirhuguð.“ Þannig er gert ráð fyrir að bærinn ábyrgist ekki reksturinn heldur ríkissjóður.
- Í nýjum samningi er gert ráð fyrir að hlutdeild ráðuneytis í leiguverði verði 2.613.- kr. á fermeter og að leiga á mánuði verði 10.190.700.- kr. Gert er ráð fyrir að í nýju hjúkrunarheimili verði 60 hjúkrunarrými og að heildarstærð þess húsnæðis sem ríkissjóður tekur á leigu verði 3.900 m². Í fyrri samningi var gert ráð fyrir að hluti ríkissjóðs í leiguverði væri 2.066 kr./m². Þannig hefur náðst 26,5% hækkun á leiguverði frá upphaflegum samningi.
- Í samningi frá 2010 er gert ráð fyrir að byggingin verði fjármögnuð með láni frá Íbúðalánasjóði. Í nýjum samningi þarf sveitarfélagið einungis að sýna fram á að hafa tryggt fjármagn fyrir framkvæmdum.
- Í fyrri samningi var sveitarfélaginu gert að greiða 15% af kostnaði við lausan búnað og tæki til nota á heimilinu. Í nýjum samningi eru búnaðarkaup ákveðin og þar með heildarverð. Hlutur Hafnarfjarðarkaupstaðar í búnaðarkaupum er 19.800.000.- kr. Ekki er gert ráð fyrir í nýjum samningi að samið verði um kaup á búnaði og tækjum eftir á eins og var í fyrri samningi.

Formaður þakkaði bæjarstjóra þessa yfirferð og þá niðurstöðu sem liggur fyrir. Samningurinn fer fyrir bæjarstjórn 12. október n.k. til samþykktar.

2. Staða hönnunar.

Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu fór yfir stöðu forhönnunar, sjá meðfylgjandi teikningar. Niðurstaða um frumkostnað á fermetra liggur fyrir í næstu viku. Verkfræðingar eru komnir að verkinu.

Fundi slitið kl. 17:10.

